

Fjölbrautaskóli Suðurnesja

02 353

Ársreikningur 2021

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Fjölbrautaskóli Suðurnesja
kt. 661176-0169
Sunnubraut 36, 230 Reykjanesbær

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Fjölbrautaskóli Suðurnesja er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli laga um framhaldsskóla 92/2008.

Hlutverk skólans er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi með því að bjóða hverjum nemanda nám við hæfi. Það er stefna Fjölbrautaskóla Suðurnesja að vera einn af bestu framhaldsskólum landsins og bjóða menntun í hæsta gæðaflokki og bjóða Suðurnesjamönnum upp á fjölbreytt nám í heimabyggð í samræmi við áhuga og getu. Unnið verði í samræmi við aðalnámskrá framhaldsskóla og áhersla lögð á grunnþætti menntunar: læsi, sjálfbærni, jafnrétti, sköpun, lýðræði og mannréttindi, heilbrigði og velferð.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 20 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2021 var ársveltan kr. 1.599,0 milljónir og afkoma kr. -11,2 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 135,9 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 322,1 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2021 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Fjölbrautaskóla Suðurnesja í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Fjölbrautaskóla Suðurnesja fyrir árið 2021 með rafrænni undirritun sinni.

Guðlaug Málfríður Pálsdóttir
Skólameistari

Yfirlit um afkomu ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	1.488.149.302	1.478.713.979
Innritunargjöld	3	12.294.000	12.102.000
Seld þjónusta	4	21.757.435	14.058.432
Vörusala	5	15.158.240	12.654.465
Framlög og ýmsar tekjur	6	41.281.155	50.375.605
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	20.357.444	18.221.264
Tekjur samtals		1.598.997.576	1.586.125.745
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	7	1.202.686.128	1.182.727.040
Annar rekstrarkostnaður	8	386.552.389	343.915.135
Afskriftir	9	20.357.444	18.221.264
Gjöld samtals		1.609.595.961	1.544.863.439
Afkoma fyrir fjármagnsliði		(10.598.385)	41.262.306
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður		0	704.735
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap	10	(551.929)	(842)
		(551.929)	703.893
Afkoma ársins		(11.150.314)	41.966.199

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr	31.12.2021	31.12.2020
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	11		
Áhöld, tæki og búnaður		66.632.373	59.449.282
Farartæki og vélar		23.900.984	24.114.235
Aðrar eignir		5.265.209	5.366.809
		<u>95.798.566</u>	<u>88.930.326</u>
Fastafjármunir samtals		<u>96.135.493</u>	<u>88.930.326</u>
Veltufjármunir			
Tengdir aðilar	12	206.459.461	160.771.386
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	13	8.382.168	7.430.028
Handbært fé	14	11.131.405	38.488.878
		<u>225.973.034</u>	<u>206.690.292</u>
Veltufjármunir samtals		<u>225.973.034</u>	<u>206.690.292</u>
Eignir samtals		<u><u>322.108.527</u></u>	<u><u>295.620.618</u></u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	15		
Hrein eign		135.858.995	147.009.309
		<u>135.858.995</u>	<u>147.009.309</u>
Eigið fé samtals		<u>135.858.995</u>	<u>147.009.309</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	12	401.538	14.205.549
Viðskiptaskuldir		7.919.971	2.616.762
Ýmsar skammtímaskuldir	16	84.488.994	74.997.525
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	17	93.439.029	56.791.473
		<u>186.249.532</u>	<u>148.611.309</u>
Skuldir samtals		<u>186.249.532</u>	<u>148.611.309</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>322.108.527</u></u>	<u><u>295.620.618</u></u>
Aðrar upplýsingar	18		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		(11.150.314)	41.966.199
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	9	20.357.444	18.221.264
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(20.357.444)	(18.221.264)
		(11.150.314)	41.966.199
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		(952.140)	(129.043)
Tengdir aðilar		(30.049.697)	(20.472.152)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		14.794.678	(8.759.335)
		(16.207.159)	(29.360.530)
		(27.357.473)	12.605.669
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð óefnislegra eigna		(368.780)	0
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	11	(27.193.831)	(24.726.772)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna		5.000	100.000
		(27.557.611)	(24.626.772)
Fjármögnunarhreyfingar			
Fjárfestingarframlag		27.557.611	24.726.772
		27.557.611	24.726.772
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		(27.357.473)	12.705.669
		38.488.878	25.783.209
		11.131.405	38.488.878
Handbært fé í árslok			

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds. Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda. Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í forni afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Aðrar tekjur

Aðrar tekjur samanstanda af Innritunargjöldum.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisýrningu og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almennt er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisýrningar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísbending sé um virðisýrningu. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisýrningartap fært í yfirlit um afkomu.

Skýringar

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Farartæki og vélar	8-15 ár
Aðrar eignir	óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluþegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2021	2020
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	1.488.149.302	1.478.713.979
Tekjufærsla frestaðra tekna	20.357.444	18.221.264
	<u>1.508.506.746</u>	<u>1.496.935.243</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádrægnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	1.639.200.000	0	0	1.639.200.000
Fjáraukalög	(32.000.000)	0	0	(32.000.000)
Millifært úr varasjóð	10.200.000	0	0	10.200.000
Millifærslur milli fjárlagaliða	(138.350.698)	0	0	(138.350.698)
Fjárveiting til tekna	1.488.149.302	0	0	1.488.149.302
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádrægnum sértekjum	(1.499.299.616)	0	0	(1.499.299.616)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(11.150.314)	0	0	(11.150.314)

	2021	2020
3 Aðrar tekjur		
Sala á vöru og þjónustu	12.294.000	12.102.000
	<u>12.294.000</u>	<u>12.102.000</u>

4 Seld þjónusta

Ýmsar þjónustutekjur	864.713	1.238.888
Veitinga- og gistiþjónusta	20.892.722	12.819.544
	<u>21.757.435</u>	<u>14.058.432</u>

5 Vörusala

Innritunargjöld	15.158.240	12.654.465
	<u>15.158.240</u>	<u>12.654.465</u>

6 Framlög og ýmsar tekjur

Leigutekjur	458.000	359.000
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	899.655	30.959.438
Ýmsar tekjur	12.343.500	10.499.500
	<u>41.281.155</u>	<u>50.375.605</u>

	2021	2020
7 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður		
Laun	974.701.992	947.473.103
Orlof, breyting	(13.178)	13.086.049
Launatengd gjöld	219.420.919	215.287.605
Starfsmannakostnaður	8.576.395	6.880.283
	<u>1.202.686.128</u>	<u>1.182.727.040</u>
Meðalfjöldi stöðugilda	84,5	89,2

Skýringar

	2021	2020
8 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	2.326.244	2.326.342
Ýmis tæki og áhöld	4.270.224	4.869.590
Varahlutir og viðhaldsvörur	800.023	1.902.546
Orkugjafar	15.764.851	15.121.444
Matvæli	18.197.397	12.739.817
Almennar rekstrarvörur	6.716.993	4.071.611
Vörukaup, almenn	48.075.732	41.031.350
Kennslu- og föndurvörur	21.342.784	13.625.294
Ýmsar sérgreindar vörur	5.137	130.134
Vörukaup, sérgreind	21.347.921	13.755.428
Fundir, námskeið, risna	1.197.095	809.002
Ferðir, uppihald	604.642	706.217
Akstur	1.977.514	2.082.363
Sérfræðiþjónusta	30.162.652	17.248.510
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	842.640	626.845
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	1.726.224	2.133.623
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	1.690.864	1.452.114
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	38.201.631	25.058.674
Afnotagjöld	3.543.041	3.402.906
Leigugjöld	232.396.757	224.226.449
Notkun véla og flutningatækja	366.323	568.011
Verkkaup	36.207.551	31.748.111
Kostnaðarhlutdeild	5.077.443	3.614.904
Tryggingar, lögboðnar	87.993	82.207
Opinber gjöld	64.600	62.200
Tilfærslur	682.721	364.895
Tapaðar kröfur	500.676	0
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	278.927.105	264.069.683
Annar rekstrarkostnaður samtals	386.552.389	343.915.135
9 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	18.058.475	16.002.412
Farartæki og vélar	2.165.516	2.117.252
Aðrar eignir	101.600	101.600
Niðurfærsla óefnislegra eigna	31.853	0
	20.357.444	18.221.264
10 Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		
Fjármagnskostnaður	11.561	842
Gengistap, verðbreytingar	540.368	0
	551.929	842

Skýringar

31.12.2021 **31.12.2020**

11 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður	66.632.373	59.449.282
Farartæki og vélar	23.900.984	24.114.235
Aðrar eignir	5.265.209	5.366.809
	<u>95.798.566</u>	<u>88.930.326</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2021:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2021	187.622.106	31.990.766	5.846.078	225.458.950
Viðbætur á árinu	25.241.566	1.952.265	0	27.193.831
	<u>212.863.672</u>	<u>33.943.031</u>	<u>5.846.078</u>	<u>252.652.781</u>
Afskriftir 01.01.2021.....	128.172.824	7.876.531	479.269	136.528.624
Afskrift ársins	18.058.475	2.165.516	101.600	20.325.591
	<u>146.231.299</u>	<u>10.042.047</u>	<u>580.869</u>	<u>156.854.215</u>
Staða 31.12.2021	<u>66.632.373</u>	<u>23.900.984</u>	<u>5.265.209</u>	<u>95.798.566</u>

31.12.2021 **31.12.2020**

12 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	206.459.461	159.435.344
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	0	1.336.042
	<u>206.459.461</u>	<u>160.771.386</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	401.538	14.205.549
	<u>401.538</u>	<u>14.205.549</u>

13 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreiddur kostnaður	355.576	698.026
Skattar	8.026.592	6.732.002
	<u>8.382.168</u>	<u>7.430.028</u>

14 Handbært fé

Sjóðir	14.000	14.000
Tékkareikningar	10.625.437	28.817.814
Gjaldeyrisreikningar í innlendum innlánsstofnunum	491.968	9.657.064
	<u>11.131.405</u>	<u>38.488.878</u>

Skýringar

15 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2021	31.12.2020
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	147.009.309	105.043.110
Afkoma ársins	(11.150.314)	41.966.199
Jöfnuður 31.12.	135.858.995	147.009.309

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

	31.12.2021	31.12.2020
16 Ýmsar skammtímaskuldir		
Ógreitt orlof	63.936.929	63.950.107
Önnur ógreidd gjöld	20.552.065	11.047.418
	84.488.994	74.997.525

17 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2021	31.12.2020
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	96.135.493	88.930.326
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað til fjárfestinga)	(2.696.464)	(32.138.853)
	93.439.029	56.791.473

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2021	88.930.326	(32.138.853)	56.791.473
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	57.000.000	57.000.000
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna	0	5.000	5.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	27.193.831	(27.193.831)	0
Fjárfesting í óefnislegum eignum	368.780	(368.780)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(20.357.444)	0	(20.357.444)
	96.135.493	(2.696.464)	93.439.029

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2021 munu kr. 19,7 milljónir koma til tekna á árinu 2022.

Skýringar

18 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert tímabundna skuldbindandi samninga um Sunnubraut 36, Íþróttahús og sundlaug og þjónustusamninga um rekstur og vörslu hugbúnaðarkerfa til næstu ára. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 236,2 milljónum og vegna þjónustu- og vörslusamninga kerfa kr. 31,9 milljónum og aðra samninga kr. 30,0, milljónum.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.